

Akureyrbær
Anna Bragadóttir,
fulltrúi skipulagsmála
Geislögötu 9
600 Akureyri

Umhverfisstofnun
Áb.
07. des. 2010
10.4.3
Tilv.



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 1. desember 2010
Tilvísun: UST20100900012/ksj

Tillaga að breyttu deiliskipulagi fyrir Akureyrarflugvöll

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Akureyrbæjar er barst 3. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breyttu deiliskipulagi á svæði Akureyrarflugvallar.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Akureyrarflugvallar gerir ráð fyrir eftirfarandi breytingum:

-Flugbraut er lengd úr 2400m í 2700m, akstursbrautir (taxíbrautir) fyrir flugvélar samsíða flugbraut eru felldar út úr skipulagi, akbrautir að og frá flugbraut að flughlaði við flugstöð verða tvær, endar flugbrauta verða útfærðir með öðrum hætti.

-Form og stærð lóðar fyrir vöruskemmur vestan við nýtt flughlað breytast.

-Nýr byggingarreitur norðan og vestan núverandi flugstöð vegna viðbyggingar. Breytt stærð á byggingarreit sunnan flugstöðvar.

-Svæði fyrir bensín- og olíutanka flutt vestar og fjær flugstöð.

-Svæði fyrir rotþrær er annars vegar beint sunnan við lóð fyrir flugskýli 7b og vestan vegar við lóðir fyrir vöruskemmur nr. 10.

-Á suðurhluta svæðisins er breyting á bílastæðum. Almennum stæðum fækkar og bílstæði eru að hluta til sett inn á lóðir. Legu bílastæða við aðalaðkomu að flugstöð er breytt þ.e. þeim hluta sem er sunnan aðkomuvegar. Akstursleiðum næst flugstöð og við fyrirhugaða nýbyggingu er breytt.

-Landfyllingum er breytt. Landfylling fyrir aðflugsvita og hús við Leiruveg er ný. Landfylling norðan flughlaðs stækkar lítilsháttar til norðurs vegna svæðis fyrir olíuskiljur.

-Lega girðinga breytist á nokkrum stöðum á suðurhluta skipulagssvæðisins og við nýjan

byggingarreit flugstöðvar.


-Nýr göngu- og reiðstígur kemur sunnan bygginga sem liggur suður fyrir flugbraut og að gömlu brúnni yfir Eyjafjarðará. Einnig er gert ráð fyrir að gönguleið vestast á svæðinu verði framlengd meðfram flugskýlum og tengir saman suður- og norðursvæði.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdið við breytingartillöguna:

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að svæðið sunnan flugbrautar sem er orðinn hluti af flugvallarsvæðinu verði opið land með útivistartíg og reiðleið og að svæðinu verði ekki raskað frekar en orðið er, þar sem að um þýðingarmikið náttúruminjasvæði er að ræða. Umhverfisstofnun bendir á að óshólmars Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar eru á náttúruminjaskrá (*svæði 510, Hólmarnir*). Hólmarnir eru einnig á skrá alþjóða fuglaverndarsamtakanna (Bird Life International) yfir alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Leirur í Eyjafirði falla jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd en samkvæmt henni skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Fyrir sunnan flugvallarsvæðið eru votlendissvæði, svokallaðar Kjarna- og Hvammsflæður. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Kjarnaflæðar, sem eru sunnan við núverandi flugvallarsvæði, eru eitt þeirra svæða sem eru mikilvæg sem fæðusvæði fugla í byrjun vors og einnig að sumarlagi fyrir fugla sem verpa annars staðar á óshólmum Eyjafjarðarár. Votlendustu svæðin á Kjarna- og Hvammsflæðum hafa yfirgnæfandi mesta þýðingu fyrir fuglalíf. Þau eru fyrst og fremst fæðusvæði, en einnig eru víða ágætis varpstaðir. Meðal fuglategunda sem þar hafa sést eru fjórar tegundir sem eru á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands, þ.e. skeiðond (tegund í hættu), grágæs (tegund í yfirvoftandi hættu), grafönd (tegund í nokkurri hættu) og stormmáfur (tegund í nokkurri hættu).

Miðað við framangreint er ljóst að ofangreint náttúruminjasvæði sem nú er orðið hluti af flugvallarsvæðinu eftir síðustu breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2005 -2018, er í dag mikilvægt fyrir fugla, bæði sem varpsvæði og fæðuöflunarsvæði. Því ætti að forðast frekari framkvæmdir á því svæði.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemd við tillöguna.


Virðingarfyllst
Olafr A. Jónsson
deildarstjóri

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur